



Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða

Vestfjarðastofa

Suðurgötu 12

400 Ísafjörður

Garðabær, 19.8.2025

Málsnúmer: 202506-0016

SS

Efni: Svæðisskipulag Vestfjarða 2026-2050 – Vinnslutillaga.

Vísað er í tölvubréf frá Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða sem barst þann 6. júní 2025 í gegnum Skipulagsgátt, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um vinnslutillögu að Svæðisskipulagi Vestfjarða 2026-2050.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér þau efnisatriði vinnslutillögunnar sem varða fagsvið stofnunarinnar og vill koma eftirfarandi á framfæri:

Það er gott og mikilvægt að það komi skýrt fram þegar tilgreindar eru helstu áskoranir í kafla 2.1, að finna þurfi jafnvægi milli nýtingar og verndar enda er lögð áhersla á mikilvægi lítt snortinnar náttúru sem sérkenni og verðmæti landshlutans. Fram kemur að vöxtur atvinnugreina eins og ferðaþjónustu, iðnaðar og lagareldis þurfi að fara fram á sjálfbæran hátt svo að náttúrefegurð, kyrrð og líffræðileg fjölbreytni haldist óskert. Mikilvægt er að að þessu sé hugað í víðu samhengi eins og á stefnumótandi vettvangi þessa svæðisskipulags en jafnframt þarf að tryggja að því sé fylgt eftir í framkvæmd einstakra skipulagsáforma hjá einstökum sveitarfélögum.

Í kafla 3 um náttúru og auðlindir kemur fram það markmið að á Vestfjörðum eigi að viðhalda víðáttumiklum ósnortnum svæðum og sterkum landslagsheildum en einnig markmið um að svæðið geti staðið undir þróttmiklum vexti samfélagsins með hreinni, endurnýjanlegri orku. Meðal orkuvinnsluáforma sem hafa verið í umræðunni eru allnokkur vatnsaflsorkuver á hálendis svæðum sem munu óneitanlega raska ósnortnum víðernum og landslagsheildum. Það getur því reynst umtalsverð áskorun að finna jafnvægi milli þessara markmiða og ákvarðanataka um staðsetningu og umfang orkunýtingar þarf að miða að því.

Sett eru fram ýmsar leiðir og verkefni til að ná fram einstökum markmiðum í kafla 3. Almennt eru þær áherslur sem þar koma fram jákvæðar og endurspegla vel leiðarljós stefnunnar um náttúru og auðlindir. Stefnir er að heildrænni greiningu á landslagi og víðernum Vestfjarða. Það er mikilvægt og nauðsynlegt er í þeirri vinnu að setja viðmið um verndargildi til að hægt sé að fá góða yfirsýn um hvar forsendur fyrir verndun eru hvað mestar. Jákvætt er að sjá að beina eigi framkvæmdum sem mest á svæði sem þegar eru röskuð til að hlífa óröskuðu landi og að fella eigi mannvirki sem best að landslagi og skerða sem minnst víðernisupplifun. Bæta á aðgengi að náttúru, enda víða tækifæri fyrir útivist og ferðaþjónustu. Mikilvægt er að huga eigi að náttúrulegri burðargetu og umhverfisvænar lausnir. Í því sambandi er nauðsynlegt að svæði séu metin vandlega fyrirfram hvað þetta varðar og tekið sé tillit til álags- og áreitisþols lífvera í því sambandi, bæði gróðurs og dýralífs, sem og viðkvæmra jarðminja.



Í kafla 3.2 um vistkerfi og verndarsvæði er mjög ánægjulegt að sjá áform um ný eða stækkuð verndarsvæði á Vestfjörðum. Þar er lagt til að stofna þjóðgarð um friðlýstu svæðin í Dynjandisvogi og Vatnsfirði eins og stóð til að gera fyrir nokkrum árum. Einnig er lögð til hugmynd um að stofna þjóðgarð utan um Drangajökul og einnig að meta möguleika á að stækka friðlandið í Hornströndum. Er vísað í skýrslu Vestfjarðastofu um sex þjóðgarðakosti þessu tengt en sú skýrsla kom út í ágúst 2024. Í þeirri skýrslu er fjallað um forsendur að baki frekari verndunar á þessum svæðum og sett í samhengi við fyrri skráningu svæða á gildandi náttúruminjaskrá (C-hluta) sem og tillögur Náttúrufræðistofnunar um ný svæði á B-hluta náttúruminjaskrár frá 2018. Náttúrufræðistofnun fagnar þessum hugmyndum og vill sérstaklega hvetja sveitarfélög fjórðungsins til að fylgja þessum áformum eftir. Vel mætti hugsa sér að stækkun friðlands á Hornströndum og tilkoma þjóðgarðs utan um Drangajökul gæti leitt til samfellu friðlýsts svæðis sem næði m.a. yfir Snæfjallaströnd og Kaldalón þar sem verndargildi vistgerða, plöntusamfélaga, jarðmyndana og landslags hefur verið metið mjög hátt – enda friðlýsing svæðisins samþykkt á Náttúruverndaráætlun 2009-2013. Verndun landslags og víðerna á Drangajökulssvæðinu er sömuleiðis verðugt markmið enda einstök lítt snortin óbyggðasvæði á landsvísu.

Í kaflanum er einnig markmið um verndun líffræðilegrar fjölbreytni með áherslu á sjófuglabyggðir, búsvæði sela, votlendi og vistgerðir með hátt verndargildi s.s. leiru-, fjöru- og grunnsævisvistgerðir. Þetta er mjög jákvætt markmið og í góðu samræmi við ábendingar Náttúrufræðistofnunar um svæði og fyrirbæri sem standa beri vörð um þegar kemur að líffræðilegri fjölbreytni. Allmörg ágætlega afmörkuð svæði er hér um að ræða víða á Vestfjörðum og mikilvægt að upplýsingar um þau séu skilmerkilega haldið til haga. Hvernig þessi verndun er útfærð er ekki sérstaklega rætt um í vinnslutillögunni. Ýmis stjórnþætti verndar koma hér til greina ekki síst verndarsvæði af ýmsum toga s.s. friðlýst svæði og hverfisverndarsvæði í skipulagi. Einnig ýmsir skilmálar um landnotkun og reglur um nýtingu. Náttúrufræðistofnun er tilbúin til samtals um útfærslur og áhersluatriði til að ná árangri við verndun þeirra fyrirbæra/svæða sem hér eru nefnd, en vill benda á upplýsingasiður um tillögur stofnunarinnar að B-hluta náttúruminjaskrár þar sem umfjöllun er um mörg slík svæði <https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/natturuminjaskra> t.a.m. fjölmargar sjófuglabyggðir, fjörusvæði, búsvæði sela o.fl. Einnig ætti að horfa til svæða sem falla undir ákvæði um sérstaka verndun – en sjá má yfirlit um þau svæði í vefsíðu Náttúrufræðistofnunar - <https://www.natt.is/is/midlun/kortagogn/serstok-vernd>.

Að lokum er í kaflanum markmið um að nýta náttúrumiðaðar loftslagslausnir til að styðja við kolefnisbindingu, endurheimt vistkerfa og sjálfbæra landnýtingu og m.a. horft til þess að vernda og endurheimta votlendi og birkiskóga. Í fjórðungnum eru sannarlega tækifæri fyrir bæði verndun og endurheimt þessara mikilvægu vistkerfa og ber sérstaklega að nefna umtalsverða útbreiðslu lítt snortinna birkiskóga sem bæði setja mikinn svip á landslag fjórðungsins og eru mikilvæg búsvæði fyrir ýmsar lífverur. Þá er stefnt að því að vinna heildstæða svæðisáætlun um landgræðslu og skógrækt, sem er mjög jákvætt því auðveldara er að taka tillit til ýmissi náttúruverndarsjónarmiða við ákvarðanatöku og útfærslu landgræðslu og skógræktar þegar um heildstæða áætlun er að ræða þar sem hægt er að bera saman mörg svæði. Ljóst er að áhrif á t.d. fuglalíf, gróðurfar og landslag getur verið mjög mismunandi milli svæða og mikilvægt að skilgreina og hlífa þeim svæðum sem eru viðkvæmust fyrir breytingum. Náttúrufræðistofnun er tilbúin til að veita ráðgjöf um gerð þessarar svæðisáætlunar og býr yfir ýmsum mikilvægum gögnum.

Í kafla 3.3 um loftslags, náttúruvá og úrgangsmál eru mörg ágætismarkmið og skilgreind verkefni þeim tengd. Stefnt er að því að forgangsraða loftslagsaðgerðum miðað við árangur og hagkvæmni. Náttúrufræðistofnun vill benda á að mat á afleiddum áhrifum þeirra þ.m.t. umhverfisáhrifum ætti að taka inn í myndina við þá forgangsroðun. Aðgerðum í þágu orkuskipta fylgir t.d. gjarnan ýmis konar framkvæmdir sem geta valdið neikvæðum áhrifum á náttúru. Þá er vert að benda á ráðgefandi hlutverk



Náttúrufræðistofnunar í tengslum við náttúruvá af ýmsum toga ekki síst ofanflóð, áhrif þurrka á gróðurfar þ.m.t. áhrif gróðurelda o.fl. Ýmsar vistfræðilegar upplýsingar s.s. um gróðurfarsþætti og annað lífríki votlendis, ferskvatns og fjöruvistkerfa eru mikilvægar þegar kemur að útfærslum blágrænna ofanvatnslausna og annarra náttúrumiðaðra lausna. Þá er mikilvægt að taka tillit til áhrifa á lífríki í viðtökum frárennslis og í nágrenni úrgangslausnarsvæða þegar kemur að aðgerðum í úrgangs- og fráveitumálum.

Í kafla 3.4 um orkuöflun og jarðhitanytingu er jákvætt að sjá að grundvallarmarkmið er að orkuvinnsla feli í sér sem minnst umhverfisáhrif. Þetta þarf að vera leiðarstef við alla ákvarðanatöku tengt orkuvinnslu. Áhugavert er að sjá nefnt að kanna eigi tækifæri sem felast í endurnýjanlegum orkugjöfum í sjó og við strendur. Margt er ókannað varðandi framkvæmd slíkrar orkunýtingar hér á landi og um möguleg umhverfisáhrif. Nauðsynlegt er að tryggja góðar grunnrannsóknir. Einnig ætti að skilgreina vandlega hvaða svæði koma til greina og hver alls ekki við slíkt, bæði á rannsóknar- og rekstrarstigi, ef til þess kemur. Jákvætt er að sjá að setja eigi sérstök viðmið fyrir virkjanir undir 10 MW sem eru utan rammaáætlunar m.a. til að taka tillit til náttúruverndar. Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar við að skilgreina þau viðmið.

Í kafla 4.3 um orkuflutninga kemur fram að efla þurfi flutningskerfi orku í landshlutanum. Um það er ekki deilt en mikilvægt er að hafa góðan skilning á umhverfisáhrifum og velja þá fýsilegu valkosti sem koma best út m.t.t. þeirra áhrifa. Áhrif á lítt snortin óbyggð víðerni vegur þar hvað þýngst en einnig þarf t.d. að skoða áflugshættu á raflínur fyrir fugla, sérstaklega viðkvæmar tegundir eins og haförn.

Jákvætt er að sjá í kafla 5.2 um lýðheilsu og heilbrigðisþjónustu að tryggja eigi aðgengi að mikilvægum útivistarsvæðum. Vestfirðir eru ríkir af lítt snortnum náttúrusvæðum sem eru dýrmæt útivistarsvæði og vert er að gæta vandlega að mikilvægi náttúruupplifunar fyrir lýðheilsu í þessu samhengi. Samspil náttúruverndar og skipulags útivistarsvæða er þar skynsamleg nálgun til að hafa í huga.

Í kafla 6 um atvinnulíf er fjallað um þá grundvallaratvinnuvegi sem eru mikilvægir fyrir landshlutann og er jákvætt að sjá áherslu á að uppbygging þeirra sé í sátt við umhverfi. Lagareldi er veigamikil atvinnugrein sem hefur verið í örum vexti. Umhverfisáhrif greinarinnar eru margvísleg og stýring á helstu áhrifaþáttum ekki alltaf auðveld eins og dæmin sanna. Eins og komið hefur fram í umsögnum Náttúrufræðistofnunar um einstök lagareldisáform á Vestfjörðum hefur boginn verið spenntur hátt á flestum eldissvæðum, burðarþol hefur verið fullnýtt eða stefnt að því að svo verði. Verið er að taka áhættu með því og krafan um öflugt eftirlit og skýr viðbrögð við óhöppum eða óásættanlegu umhverfissíðastandi þeim mun mikilvægari. Því miður hafa komið upp tilfelli um sleppingar frjórna laxa úr sjókvím og þeir fiskar fundist innan um villta laxa í ýmsum ám, jafnvel í öðrum landshlutum. Ekki er fullséð enn um afleiðingarnar af þeim atburðum og ljóst að mikið verk er fyrir hendi fyrir ábyrgðaraðila á öllum vígstöðvum að tryggja örugga starfsemi lagareldis hvað varðar þennan þátt.

Í umfjöllun svæðisskipulagsins um Bláa hagkerfið sem grunnstoð á Vestfjörðum er bent á ýmsar atvinnugreinar sem reiða sig á auðlindir hafsins m.a. þangnýtingu, kalkþörungavinnslu og ferðaþjónustu tengda hafinu. Frjósamur jarðvegur er fyrir ýmsa nýsköpun þessu tengt. Náttúrufræðistofnun vill árétta mikilvægi þess að verndarsjónarmið og sjónarmið nýtingar eða starfsemi sem leggur höfuðáherslu á varfærna og nærgætna umgengni um lífríki hafsins, fái mikið svigrúm. Horfa ætti til áhersla í samþykktu haf- og strandsvæðaskipulagi um hvar séu svæði þar sem náttúruvernd eigi að vera í öndvegi og gæta þarf þess að ganga ekki of langt í nýtingaráformum. Búsvæði kalkþörungna eru t.d. afar mikilvæg fyrir líffræðilega fjölbreytni og eru lengi að jafna sig eftir rask. Tryggja þarf verndun þeirra til framtíðar á völdum svæðum, það er líka forsenda fyrir mögulega nýtingu þeirra. Sama á við um svæði sem koma til greina fyrir þang- og þaranýtingu, skeldýraeldi, sem og viðkomustaðir ferðaþjónustu o.fl. Hugsa þarf að svæðum sem hlífa á við slíku til jafns við svæði sem koma til greina fyrir



slíkt. Það er lykilatriði til að tryggja jafnvægi nýtingar og verndar eins og er lykiláhersluatriði svæðisskipulagsins. Eftirfylgni t.d. m.t.t. skipulagsákvæðana, leyfisveitinga, eftirlits o.fl. skiptir einnig miklu máli til að góðum ásetningi fylgir raunverulegur árangur.

Í kafla 6.4 um ferðaþjónustu eru mikilvægar áherslur um að náttúruvernd sé forsenda áfangastaðauppbýggingar og stýra eigi álagi í samræmi við burðargetu svæða. Þá á að móta stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa og stuðla að ábyrgri landtöku þeirra utan hafna. Afar brýnt er að mati Náttúrufræðistofnunar að landtaka sé einungis heimil þar sem aðstæður bjóða upp á slíkt, með vel skilgreindum fjöldatakmörkunum eins og við á hverju sinni og yfir höfuð ekki á viðkvæmum náttúruverndarsvæðum.

Margt fleira gott og áhugavert er að finna í svæðisskipulagstillögunni en Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að svo stöddu.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndar